

## Aðventufundur í Öldungadeild Læknafélags Íslands, 7. desember, 2022.

Fyrirlesari: Katrín Jakobssdóttir, forsætisráðherra og bókmenntafræðingur.

Efni: „Af hverju les ég og skrifa glæpasögur“.

Mættir: 87 félagsmenn og nokkrir markar, skráðir í bók, en hún stoppaði einhvers staðar á leiðinni, svo að ekki eru allir skráðir, hafa líklega verið ekki færri en 100 manns.

Fyrir fund var boðið upp á léttar veitingar í anda Jóns Steffensen. Formaður setti fund stundvislega kl. 16 og var gengið formálalaust til auglýstrar dagskrár. Formaður kynnti fyrirlesara, sem að sjálfsgöðu er öllum kunn sem forsætisráðherra, en Katrín Jakobssdóttir er líka sérfræðingur í bókmenntafræðilegri greiningu á glæpasögum og hefur nú einnig reynslu í að semja slíka sögu, eins og endurspeglast í titli erindisins. Upphafið rekur Katrín til þess þegar hún gekk um og skoðaði bókakili í Þjóðarbókhöðunni í leit að viðfangsefni í lokaritgerð. Þá rakst hún á bókina „Allt lagi í Reykjavík“ eftir Ólaf við Faxafen, sem var höfundarnafn Ólafs Friðriksson, verkalýðsforingja. Sú bók kom út 1939, en þegar Katrín lagðist í rannsóknir kom í ljós að söguna má rekja lengra aftur og þá til Vestur-Íslendinga. Þar var fyrstur Jóhann M Bjarnason sem skrifaði smásögu um hin íslenska Sherlock Holmes árið 1910. En fyrsta íslenska glæpasagan telst vera „Húsið við Norðurá“ eftir Einar Skálaglam, sem var höfundarnafn Guðbrands Jónssonar, og kom hún út 1926. Fimm árum seinna birtist „Leynardómar Reykjavíkur“ eftir Valentínus (höfundarnafn Steindórs Sigurðssonar) í tveimur bindum. Þá líður næstum ártugur fram að áðurnefndri „Allt í lagi í Reykjavík“. Og enn líður áratugur þar til Steingrímur M. Sigfússon, sem kallaði sig Val Vestan, sendir frá sér þrjár sögur um jarðfræðinginn og áhugaspæjarann Krumma Jónsson. Síðan er tíðindalaust á þessum vettvangi lengi þar til Birgitta Halldórsdóttir kemur til sögunnar á 9. áratgnum og þá birtust líka tvær bækur eftir Leó Löve. Svo verða straumhvörf 1997: þá birtust fyrstu bækur Arnaldar Indriðasonar, Stellu Blómkvist og Árna Þórarinssonar. Og eftir það hefur ekki orðið lát á; þessir höfundar hafa haldið áfram að gefa út glæpasögur nokkurn veginn árlega og margir fleiri höfundar bæst við. Katrín skrifaði sína lokaritgerð 1999 og svo seinna meistaraaritgerð um Arnald.

Að lokum leiddi Katrín hugann að því hvers vegna lesendur eru svo sólgirnir í glæpasögur og vitnaði í Brecht sem sagði að við mótumst af harmi. Í glæpasögum er hægt að fá einhvers konar útrás. Þar er sköpuð óreiða, en allt fer vel, vondi kallinn er tekinn í lokin og regla kemst á aftur. Glæpasögur fylgja ákveðinni formúlu, þ.e. form ið er fyrirsjáanlegt þótt endirinn eigi að koma á óvart.

Í lokin sagði Katrín örstutt frá nýútkominni frumraun sinni, sem hún skrifar með þekktum glæpasagnahöfundi, Ragnari Jónassyni. Hún upplýsti að frumkvæðið kom frá honum en við fengum ekki að vita meira. Það vísar til upphafsins að sagan heitir „Reykjavík“.

Það kom auðvitað engum á óvart að Katrín er flugmælsk og sagði skemmtilega frá efni sagnanna og var talsvert hlegið. Kannski kom aðeins á óvart að spurningar urðu ekki svo margar frá þessum stóra hóp, en ýmislegt áhugavert bar á góma. Rætt var um glæpasögur sem samfélagsspegil, spáð í erlend áhrif, m.a. Basil fursta. Spurt hvers vegna glæpasögur eru svona vinsælar í landi þar sem glæpir eru fátíðir, en það er víst ekki einsdæmi, en ein forsenda glæpasagna er þróun borgarsamfélags þar sem maður þekkir ekki alla. Farið var aðeins út í sálfræðilegar þælingar og draumakenningar; í glæpasögum er sköpuð óreiða og spennan sem svo er leyst úr, og nú kom samanburðurinn við pólitíkina. Saga um glæp er ekki endilega glæpasaga; er Svartfugl glæpasaga. Svo er það Gísla saga Súrssonar: hver drap Véstein?

Fundi slitið k. 17.

